

Breitt og fjölbreytt tónlistarstarf í leikskóla

Lokaskýrsla um þróunarverkefni



Birte Harksen
fyrir hönd Heilsuleikskólans Urðarhóls

júní 2008

Efnisyfirlit

Samantekt.....	1
Inngangur/aðdragandi.....	1
Markmið.....	2
Lýsing á verkefninu.....	3
Niðurstöður og mat.....	4
Heimildir.....	5

Samantekt

Ég undirrituð, Birte Harksen, hef um nokkurra ára skeið unnið að því að styrkja tónlistarstarfið í Heilsuleikskólanum Urðarhóli. Þróunarverkefnið ”Breitt og fjölbreytt tónlistarstarf í leikskóla” grundvallast á þeirri vinnu og er um leið tilraun til að þróa áfram hugmyndir mínar á þessu sviði og miðla þeim til breiðari hóps.

Markmið þróunarverkefnisins voru því tvíþætt:

- Annars vegar að þróa eigin hugmyndir um nýja tónlistarleiki, um stuðning við tónlistarsköpun og tjáningu barnanna sjálfra og um það hvernig hægt er að samtvinna hreyfingu, sögur og tónlist á gefandi hátt – í stuttu máli hvernig hægt er að auka á breidd og fjölbreytni í tónlistartengdu starfi í leikskólanum.
- Hins vegar að miðla þessu hugmyndastarfi áfram til annars áhugafólks um tónlistarstarf í leikskóla í gegnum vefsvæði tileinkað tónlist með börnum, og um leið gera öðrum kleift að bæta við þennan hugmyndabanka og nota hann bæði sem grundvöll margþætts starfs á eigin vinnustað og samskipta við hvert annað.

Í stuttu máli hafa þessi markmið náðst gegnum vefsvæðið **bornogtonlist.net**. Þar er nú þegar að finna töluvert efni og hugmyndir af margvíslegu tagi, og meira mun bætast við á komandi mánuðum og árum.

Þegar hefur fengist styrkur til framhaldsverkefnis þar sem haldið verður áfram með hugmyndavinnuna og frekara efni sett inn á bornogtonlist.net. Stefnt er að því að saman komi efni frá fleiri leikskólum og þannig verði tryggt að vefurinn verði sem fjölbreyttastur og að sem flestir taki á sig það verkefni að leggja til efni og byggja upp vefinn.

Inngangur/aðdragandi

Aðdraganda verkefnisins er best lýst með persónulegri þroskasögu:

Frá því að ég byrjaði að starfa sem leikskólakennari árið 2000 hef ég haft mikinn áhuga á að gera tónlistina að veigameiri þætti í daglegu starfi leikskólans en kannski gengur og gerist. Tónlist er mikið áhugamál hjá mér - og er líka það skemmtilegasta sem ég geri í vinnunni með börnunum.

En þegar ég var búin að starfa í nokkur ár í leikskólanum varð mér ljóst að áhuginn einn er ekki endilega nóg - það þarf meira til að miðla honum áfram til barnanna. Mér fannst ég ekki standa mig nógu vel í því efni og var eiginlega frekar ósátt við sjálfa mig. Sérstaklega var ég ósátt við samverustundirnar, þegar öll börnin á stofunni söfnuðust saman fyrir matinn til að syngja saman. Mér fannst þessar stundir svolítið einsleitar og óspennandi.

Mig langaði til að hafa breitt og fjölbreytt tónlistarstarf á deildinni - en það var langt frá því að það

væri tilfellið, og ég vissi að ég gæti gert betur.

Þegar ég fór síðan að vinna markvisst að því að bæta úr þessu komst ég að því að það er margt sem hægt er að gera, það er ekki svo flókið, og jafnvel litlar breytingar geta haft mikil áhrif á áhuga barnanna. Ég byrjaði að fá fullt af hugmyndum að alls konar endurbótum á tónlistarstarfinu, og það eru þessar hugmyndir sem ég hef verið að þróa áfram og reynt að miðla til annarra gegnum þetta þróunarverkefni.

Þegar ég lít til baka sé ég að það hefur verið ákveðin þróun í hugsun og vinnuferlinu hjá mér sem hægt er að lýsa með fjórum meginfösum: (1) Það fyrsta sem ég byrjaði að vinna með var hvernig ég gæti látið börnin hafa meiri áhrif á það sem við gerðum í samverustundinni. (2) Síðan fór ég að hugsa um hvernig hægt væri að dýpka skilning þeirra á lögunum og sérstaklega söngtextunum sem við vorum að syngja. (3) Seinna fór ég að vinna meira meðvitað að því að auka á fjölbreytni í samverustundunum og í tónlistarstarfinu almennt. (4) Um svipað leyti fór ég að leita leiða til að styðja við sköpunarmátt barnanna á tónlistarsviðinu.

Mikill hluti af þessu ferli fór fram á minni eigin deild á Heilsuleikskólanum Urðarhóli (þar sem ég var deildarstjóri). Hins vegar kom að því að mig langaði til að gefa tónlistarstarfinu meira vægi í öllum leikskólanum og ekki bara á minni deild; að gera tónlistina að einu af því sem sameinar leikskólann og starfið í honum. (Það má geta þess að Heilsuleikskólinn Urðarhóll er í þremur mismunandi byggingum sem eru reknar að hluta til sjálfstætt, og því er slík eining ekki sjálfgefin). Þess vegna bað ég um leyfi til að fara milli deilda og halda söngstundir einu sinni á viku í hverri deild.

Ég varð vör við áhuga á þessu starfi og vildi gjarna koma meira skipulagi á það, útvíkka það og miðla því áfram til stærri hóps, svo að þess vegna fékk ég hugmyndina að þróunarverkefninu og sótti um styrk til þess.

Markmið

Hin almennu markmið verkefnisins koma fram í Samantektinni hér að ofan: þ.e. annars vegar (1) hugmyndaþróunin og hins vegar (2) miðlunin, einkum gegnum vefsvæðið bornogtonlist.net.

Þessi almennu markmið fela náttúrulega í sér undirmarkmið. Nokkur þeirra skulu nefnd hér. Undir hugmyndavinnu og efnisþróun fellur m.a. eftirfarandi:

- Að finna áhrifaríkar leiðir til að styrkja tónlistarvitund, -sköpun og -tjáningu barnanna.
- Að þýða ýmis barnalög og tónlistarleiki úr erlendum málum.
- Að gera frumsamin lög og tónlistarleiki sem henta leikskólabörnum.
- Að gera tilraunir með að kynna ýmis barnalög á erlendum málum (þ.e. á frummálinu) fyrir börnunum og jafnvel kenna þeim að syngja þau.

- Að kynna tónlist frá öðrum menningarsvæðum fyrir börnunum með því að tengja þær við frásagnir frá viðkomandi heimshlutum, t.d. þjóðsögur.
- Að prófa mismunandi heimatilbúin hljóðfæri og meta hversu áhrifarík þau geta verið í leikskólasterfinu.
- Að finna leiðir til að samþætta tónlist og meðvitaða hljóðmyndun við almennt starf og leiki í leikskólanum.
- Að dýpka skilning barnanna á hefðbundnum íslenskum lögum (en líka af nýjum lögum) með því að útskýra textann fyrir þeim myndrænt eða með því að segja "söguna bak við lagið".

Undir miðlun féllu m.a. eftirtalin undirmarkmið:

- Að taka upp geisladisk með völdum lögum og að búa til söngbók, bæði handa foreldrum og handa öðrum leikskólum.
- Að halda fyrirlestra/námskeið til að kynna þær hugmyndir sem eru á bak við þróunarverkefnið.
- Að búa til vefsvæði (a) til að kynna það besta úr ofangreindu þróunarstarfi, og (b) til að gera öðrum kleift að bæta við nýjum hugmyndum og koma með ábendingar og stofna til umræðna.

Lýsing á verkefninu

Ýmsar hugmyndir hafa verið þróaðar til þess að nota í tónlistarstarfinu og til þess að koma fyrir á vefsvæðinu. Hingað til hefur sérstök áhersla verið lögð á eftirtalda þætti: (1) að finna leiðir til að dýpka skilning barna á lögnum með því að nálgast þau úr mörgum mismunandi áttum og setja þau í samhengi; (2) að tengja saman hreyfingu, leiki og tónlist/söng; (3) að flétta saman sögur og tónlist/söng og gera börnin virk í frásagnarstundum (að miklu leyti að frumkvæði Ingibjargar Sveinsdóttur, bókmenntafræðings og starfsmanns á Urðarhóli); og (4) að vinna með alþjóðleg/fjölbjóðleg þemu, t.d. syngja barnalög frá framandi löndum og tengja þau við frásögn og/eða leiki ásamt kynningu á viðkomandi landi.

Þegar hefur fengist styrkur til framhaldsverkefnis þar sem haldið verður áfram með hugmyndavinnuna og frekara efni sett inn á bornogtonlist.net. Þá verður áherslan lögð á hina efnisþættina sem dregnir eru fram á vefsvæðinu: (1) hljóðfæri í breiðasta skilningi, (2) tónlist barnanna sjálfra; (3) tónlist og leiki sem henta vel fyrir starfið með yngstu börnunum.

Hvað miðlunarmarkmið varðar, hefur vefurinn bornogtonlist.net verið í miðpunkti þróunarinnar. Í upphafi verkefnisins fór mikill tími í að velja hugbúnað sem vefsvæðið byggir á, setja hann upp og forrita viðbætur við hann. (Það er töluverð vinna sem felst í slíkum tæknilegum undirbúningi, og ég hefði átt mun erfiðara með hana ef ekki hefði verið fyrir manninn minn, sem er forritari og kerfisstjóri og veitti mér ómetanlega ráðgjöf og aðstoð).

Við völdum að setja upp svokallað wiki-kerfi, sem leyfir ótakmörkuðum fjölda notenda að uppfæra vefinn, í þeirri von að hann muni þegar fram líða stundir verða samstarfsverfkefni stórs hóps áhugafólks. Vefsvæðið inniheldur nú þegar mikið af efni sem getur gagnast áhugafólki um tónlist í leikskólum.

Auk þess að halda áfram að bæta við efnissafnið sem þar er að finna er næsta skref að kynna það marvisst í öllum leikskólum landsins og fá fleiri til að leggja þar til efni. Þetta ferli er þegar hafið; nú eru t.d. nýkomin inn nokkur myndskreið frá Fögrubrekku í Kópavogi ásamt meðfylgjandi lýsingum á tónlistarleikjum. Einnig er komið inn efni frá Lundabóli í Garðabæ.

Sumarið 2007 gerði ég tónlistardiskinn *Maja mariuhæna og fleiri barnalög* og fékk til þess aðstoð Sigtryggs Baldurssonar tónlistarmanns. Disknum hefur verið dreift til allra leikskóla í Kópavogi og einnig verið seldur í leikskóla annars staðar á höfuðborgarsvæðinu (og auðvitað foreldrum). Á disknum eru 12 þýdd og frumsamin lög. Ég sendi Þróunarsjóði eintak af disknum þegar ég skilaði áfangaskýrslu í vetur. Viðbrögðin við disknum hafa verið mjög jákvæð.

Ég hef haldið nokkra fyrirlestra og námskreið til að kynna hugmyndir mínar um breitt og fjölbreytt tónlistarstarf fyrir leikskólafólki úr Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Þar hef ég lagt áherslu á að það eina sem þarf til að auka við og bæta tónlistarstarfið sé vilji og ímyndunarafli. Þetta hef ég reynt að gera þátttakendum ljóst með því að virkja þá í ”workshops” þar sem þeir vinna í litlum hópum og gefa eigin hugmyndaflugi lausan tauminn.

Einu undirmerkingunni hér að ofan hef ekkert unnið að, og má segja að ég hafi horfið frá því. Það er hugmyndin um að gera söngbók. Söntexta verður að finna á vefnum bornogtonlist.net og síðar meir á heimasíðu Urðarhóls, en sem stendur hef ég engin áform um að gera söngbók í eiginlegri merkingu. Vefurinn kemur í stað hennar.

Niðurstöður og mat

Verkefnið hefur þegar haft mikil áhrif í þá átt að gera tónlistarstarfið á þeim leikskólum sem ég starfa á (Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi og Lundabóli í Garðabæ) breiðara og fjölbreyttara. Ég vonast til þess að vefurinn bornogtonlist.net geti orðið tæki til að gera öðrum kleift að gera slíkt hið sama með sem minnstri fyrirhöfn. Að því verður unnið markvisst með framhaldsverkefninu.

Ég hef fundið til mikils velvilja gagnvart þeim markmiðum sem ég hef stefnt að og þeim leiðum sem ég hef valið til að vinna að þeim. Það tel ég benda til þess að fólk finni almennt fyrir þörfinni á að styrkja tónlistarstarfið í leikskólunum.

Mest er þó vert um gleði barnanna, sem er mikil og ósvikin.

Heimildir

Ég hef leitað að innblæstri víðs vegar, þar á meðal í eftirtöldum verkum:

- *Musik, leg og bevægelse* (DVD með hugmyndum Lotte Kærså).
- Margaret Read MacDonald: *Shake It Up Tales*.
- *Der er bare musik over det hele* (myndband frá leikskólanum Tiziana í Álaborg í Danmörku).
- Jessica Baron Turner og Ronny Susan Schiff: *Let's Make Music. Multicultural Songs and Activities*.
- Hrafnhildur Sigurðardóttir: *Með á nótunum*.
- Lynn Kleiner: *Kids Make Music, Babies Make Music*.
- Bryndís Bragadóttir: *Töfrakassinn – tónlistarleikir*.

Þess utan hef ég leitað sérstaklega eftir tónlistardæmum og barnalögum hjá starfsfélögum og foreldrum sem koma frá ”framandi” löndum eins og Íran, Serbíu, Litháen og Filippseyjum.

Kópavogi, 15. júní 2008

Birte Harksen

kt. 260570-2349

birte.harksen@gmail.com